



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

2205001 PD

## Viðbótar umsögn vegna umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1

### Holtavörðuheiðarlína 1

Ekki hafa borist viðbrögð frá Skipulagsstofnun við innsendri umsögn sveitarfélagsins, dags. 22.1.2024 er varðar umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1. Þar eru tilgrein þrjú atriði sem að mati sveitarfélagsins gefa tilefni til þess að Skipulagsstofnun vísi matskýrslu frá sbr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1 er til þess fallið að villa um fyrir almenningi og umsagnaraðilum.

Komið hafa fram frekari upplýsingar um að matskýrslu Holtavörðuheiðarlína 1 beri að vísa frá sbr. 24. gr. ofan greindra laga þar sem framkvæmd er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem samþykkt var af Alþingi 11. júní 2018: <https://www.althingi.is/altext/alyktanir/s/148-26-149-50.html>. Í 14-lið stefnunnar um almenn atriði er varðar uppbyggingu flutningskerfis raforku kemur fram: „Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum.“ Umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1 er í hróplegu ósamræmi við stefnu stjórnvalda skv. ofangreindu, þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 er ný lína og ráðgert er að byggðalínan Hrútatungulína 1 standi áfram óbreytt, þ.e. að ekki stendur til að endurbyggja hana eða hækka spennu, fjölga eða stækka leiðara á línu.

Óskað er eftir því að Skipulagsstofnun komi þessu á framfæri við Landsnet þrátt fyrir að umsagnarfrestur sé liðinn vegna umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1.

Hvanneyri 14. janúar 2025  
Virðingarfyllst,

Pétur Davíðsson,  
Formaður skipulags- og byggingarnefndar